

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Ægissíða 1, L165451, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 14. september 2022 tillögu að deiliskipulagi fyrir Ægissíðu 1. Tillagan gerir ráð fyrir tveimur lóðum með heimild til byggingar á íbúðarhúsi, skemmu/hesthúsi og gestahúsi á hvorri lóð. Aðkoma er frá Þjóðvegi 1 um Bugaveg. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 5. október 2022.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 19. október 2022